

Menningarráð Norðurlands vestra

Ársskýrsla

2008

Skagaströnd 28. febrúar 2009

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur.....	5
Menningarráð Norðurlands vestra.....	6
Starfsemi menningarráðs	7
Fundir menningarráðs.....	7
Styrkir menningarráðs	7
Samanburður	8
Viðburðir á vegum menningarráðs	10
Ráðstefna um menningartengda ferðapjónustu	10
Málþing um sagnaarfinn	10
Kynningarfundur um erlent samstarf	11
Samningar	11
RARÍK - aflvaki menningarstarfs	11
Vaxtarsamningur Norðurlands vestra	12
Kynning á menningarstarfi og starfi menningarráðs	12
Dreifibréf.....	12
Samstarf	12
Verkefni menningarfulltrúa	13
Flutningur skrifstofu.....	14
Verkefnastyrkir menningarráðs	14
Við úthlutun, þann 5. apríl, hlutu eftirtaldir aðilar hæstu verkefnastyrkina:	14
Við úthlutun, þann 28. október, hlutu eftirtaldir aðilar hæstu verkefnastyrkina:	15
Mat á árangri.....	17
Fjármál	19
Lokaorð	19
Úthlutun verkefnastyrkja 5. apríl 2008.....	20
Úthlutun verkefnastyrkja 28. október 2008.....	23
Menningarráð Norðurlands vestra – Ársreikningur 2008	Error! Bookmark not defined.
Menningarráð Norðurlands vestra – Fréttabréf – febrúar 2008.....	Error! Bookmark not defined.

Inngangur

Í þessari ársskýrslu Menningarráðs Norðurlands vestra er greint frá starfsemi ráðsins og menningarfulltrúa á árinu 2008. Þá fylgja upplýsingar um þá styrkhafa sem hafa fengið hæstu styrkina, auk yfirlits yfir alla styrkhafa. Einnig fylgja með ársreikningar ráðsins.



Menningarráð Norðurlands vestra

Eftirtaldir fulltrúar skipuðu menningarráðið 2006-2008:

Adolf H. Berndsen, Sveitarfélaginu Skagaströnd, fulltrúi stjórnar SSNV
Bjarni Þórisson, Sveitarfélaginu Skagafirði
Björn Magnússon, Húnavatnshreppi
Guðrún Helgadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður
Pétur Jónsson, Húnaþingi vestra

Á Ársþingi SSNV, sem haldið var á Siglufirði 19. - 20. september 2008, voru eftirtaldir fulltrúar kjörnir í ráðið til tveggja ára:

Adolf H. Berndsen, Sveitarfélaginu Skagaströnd
Bjarni Þórisson, Sveitarfélaginu Skagafirði
Guðrún Helgadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður
Gunnar Bragi Sveinsson, Sveitarfélaginu Skagafirði, fulltrúi stjórnar SSNV
Pétur Jónsson, Húnaþingi vestra



Gunnar Bragi Sveinsson, Guðrún Helgadóttir, Adolf H. Berndsen, Pétur Jónsson, Bjarni K. Þórisson.

Starfsemi menningarráðs

Fundir menningarráðs

Fundir menningarráðs voru sex auk aðalfundar sem haldinn var 5. apríl.

Styrkir menningarráðs

Á fundi menningarráðs, 24. janúar 2008, var samþykkt að úthlutanir ráðsins á árinu yrðu tvær, með umsóknarfresti til og með 15. mars og 15. september. Einnig voru samþykktar úthlutunarreglur vegna verkefnastyrkja fyrir árið 2008. Þar segir m.a.:

Menningarráð hefur ákveðið að þau verkefni hafi forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

- Nýsköpun á sviði lista, menningarstarfs og menningartengdrar ferðaþjónustu.
- Efling atvinnustarfsemi, þekkingar og fræðslu á sviði menningar og lista.
- Þátttaka eldri borgara í listsköpun og menningarviðburðum.
- Skapandi starf fyrir börn og unglinga.
- Aukin þátttaka ungra listamanna frá Norðurlandi vestra í menningarstarfi.
- Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.

Þá ákvað menningarráð á fundi sínum, 20. maí að veita 3 milljónir sérstaklega til umsókna þar sem áherslan yrði lögð á samstarf aðila af öllum þremur hlutum svæðisins.

Í fyrri umsóknarferlinu, sem lauk 15. mars, bárust alls 78 umsóknir þar sem óskað var eftir samtals 47 milljónum. Menningarráðið samþykkti að úthluta styrkjum til 64 verkefna, að upphæð 18,5 millj. kr. Lægsti styrkur nam 50 þús. kr. en þeir hæstu voru ein milljón króna. Úthlutun styrkja fór fram 5. apríl á Blönduósi. Formaður ráðsins setti dagskrána og afhenti styrki ásamt Ólöfu Ýrr Atladóttur ferðamálastjóra sem einnig flutti ávarp við afhendinguna.

Í síðara umsóknarferlinu, sem rann út 15. september, bárust alls 52 umsóknir þar sem óskað var eftir 47 milljónum. Ráðið samþykkti að veita 37 verkefnastyrki, alls að upphæð 18.850 þús. kr. Úthlutun styrkja fór fram 28. október á Hvammstanga. Menningarfulltrúi flutti ávarp Helgu Haraldsdóttur frá Iðnaðarráðuneyti sem forfallaðist á síðustu stundu.


Alls var því veittur 101 verkefnastyrkur að upphæð 37.350 þús. kr. á árinu 2008

Heildaryfirlit yfir styrkhafa má í sjá fylgiskjölum með þessari skýrslu.

Samanburður

Það getur verið fróðlegt að flokka og bera saman styrkveitingar. Á fundi menningarfulltrúa kjördæmanna, á Hólmavík sl. haust, var flokkun styrkjanna samræmd:

Menningarráð Norðurlands vestra: Flokkun styrkja 2008




Séu þessar tölur skoðaðar nánar þá kemur í ljós að um helmingur styrkuppþæðarinnar fer í þrjá flokka af þessum þrettán; **tónlist** – **bókm./fræðirit/margmiðlun** – **menn. arfur/safnamál**. Þetta eru því væntanlega sterku hliðarnar á menningarstarfi á Norðurlandi vestra.



Leikrit um Þórdísi spákonu var frumsýnt á Skagaströnd í september

Menningarráð Norðurlands vestra: Styrkuppþæðir eftir svæðum.



Alls var veittur 101 styrkur á árinu 2008 samtals að upphæð 37.350.000 kr. Hér að ofan sést skipting styrkuppþæðarinnar milli svæða.



Ópera Skagafjarðar flutti lög úr La Traviata og Rigoletto á Sæluviku

Viðburðir á vegum menningarráðs

Ráðstefna um menningartengda ferðapjónustu

Menningarráð Norðurlands vestra og Ferðamáladeild Hólaskóla stóðu fyrir ráðstefnu um menningartengda ferðapjónustu í Félagsheimilinu á Blönduósi laugardaginn 5. apríl. Í upphafi ráðstefnunnar ávarpaði Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri ráðstefnuna. Eftirtaldir aðilar fluttu erindi:

Guðrún Þ. Gunnarsdóttir, deildarstjóri Ferðamáladeildar Hólaskóla, Hrafnhildur Víglundsdóttir, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands, Kjartan Ragnarsson, framkvæmdastjóri Landnámsseturs og Rögnvaldur Guðmundsson, ferðamálaráðgjafi og formaður Samtaka um sögutengda ferðapjónustu. Fundarstjóri var Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri á Blönduósi. Um 40-50 manns sótti ráðstefnuna sem þótti takast vel.



Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri, flutti ávarp við upphaf ráðstefnu um menningartengda ferðapjónustu



Menningarráð
Norðurlands vestra

Félagshúsinu á Blönduósi
laugardaginn 5. apríl 2008

KL 11.00. Aðalfundur Menningarráðs
Norðurlands vestra

KL 13.00 - 15.30. Hátættan um menningartengda ferðabjónustu - Samstarf til Sóknar

Dagskrá:
Ávarp: Ólöf Ýr Adladóttir, forsamlanstjóri

Bríði: "Útvalsing menningartengdri ferðabjónustu"
Guðrún Þ. Gunnaradóttir,
deildarstjóri Ferðamáladéilur Hólaakóla

"Menningin og við"
Hrúfniðilak Viglundadóttir,
framkvæmdastjóri Selsæturs Íslands

"Landnámsmættir í samstarfi"
Kjartan Ragnarsson,
framkvæmdastjóri Landnámsmættur

"Samtök um algengingu ferðabjónustu - SSF; drangur og frumföng"
Ragnvaldur Guðmundsson,
ferðamálaáfgjafi og formaður SSF

Hátættanestjóri: Arnar Þór Svavarsen,
bæjarsjafi á Blönduósi

KL 15.45. Úthlutan verkefnastyrkja Menningarráðs

Menningarráð Norðurlands vestra
Sími: 452-2901 / 892-3000
Netfang: menning@nsv.is



Málþing um sagnaarfinn

Málþing um sagnaarfinn og ferðabjónustuna á Norðurlandi vestra var haldið að Löngumýri í Skagafirði miðvikudaginn 15. október. Á svæðinu er nú unnið að nokkrum verkefnum á sviði sögutengdrar ferðabjónustu og má þar nefna Grettistak í Húnapingi vestra, Landnám Ingimundar gamla og Spákonuarnar í A-Hún. og Sturlungaslóð í Skagafirði en það verkefni var eitt þriggja sem hlaut styrk úr Gáttum, þróunarverkefni í menningartengdri ferðabjónustu sem iðnaðarráðuneytið stóð fyrir. Að málþinginu stóðu menningarráðið og Vaxtarsamningur Norðurlands vestra. Þar flutti Arna Lára Jónsdóttir, verkefnisstjóri IMPRU, erindi sem hún nefndi: Klasasamstarf - samstarf í samkeppni og Þór Hjaltalín, minjavörður, ræddi um sagnaarfinn á Norðurlandi vestra. Síðan var hópastarf og niðurstöður þeirra kynntar. Um 25-30 manns sótti málþingið.

Kynningarfundur um erlent samstarf

Menningarráð stóð fyrir kynningarfundum um erlent samstarf í Félagshúsinu á Hvammstanga þriðjudaginn 28. október. Þuríður Helga Kristjánsdóttir, starfsmaður Norræna hússins, kynnti möguleika í norrænu samstarfi og Rósa Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Upplýsingabjónustu menningaráætlunar Evrópusambandsins, fór yfir helstu atriði þeirrar áætlunar. Þá greindi Pétur Jónsson, fulltrúi í menningarráði Norðurlands vestra, frá sinni reynslu af erlendu samstarfi. Um 10 manns sótti kynningarfundinn.



Rósa Þorsteinsdóttir, kynnti menningaráætlun Evrópusambandsins

Samningar

RARIK - aflvaki menningarstarfs

Þann 11. apríl var undirritaður samningur milli menningarráðs og RARIK um stuðning þess síðarnefnda við menningarstarf á Norðurlandi vestra. Samningur þessi gildir árin 2008 og 2009 og skuldbindur RARIK sig til að leggja fram a.m.k. eina milljón króna hvort ár í verkefnasjóð menningarráðs til eflingar menningarstarfi á svæðinu.



Við undirskrift samnings. Frá vinstri: Stefán Arngrímsson, kynningarstjóri RARIK, Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi Norðurlands vestra, Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK, Sigrún Björk Jakobsdóttir, formaður Menningarráðs Norðurlands eystra og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, menningarfulltrúi Norðurlands eystra.

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra

Þann 14. janúar var undirritaður samningur milli iðnaðarráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um stofnun Vaxtarsamnings Norðurlands vestra. Jafnframt var undirritaður viðaukasamningur þar sem fjölmörg félög og fyrirtæki lögðu Vaxtarsamningnum til fjármuni eða sérfræðivinnu og aðstöðu. Meðal þeirra var Menningarráð Norðurlands vestra en ráðið leggur fram sérfræðivinnu og aðstöðu sem metin er á 0,5 milljónir árlega, árin 2008-2010.

Kynning á menningarstarfi og starfi menningarráðs



Þann 6. nóvember undirrituðu formaður menningarráðs og ritstjóri Feykis, svæðisfréttablaðs Norðurlands vestra, samning til eins árs um markvissa kynningu blaðsins á menningarstarfi á Norðurlandi vestra og þeim verkefnum sem hljóta styrk frá ráðinu. Fyrirmynd samningsins er samningur Menningarráðs Vesturlands við Skessuhorn.

Markmið samningsins er að efla umræðu og kynningu á menningarstarfi á svæðinu og hvetja þannig til fleiri verkefna.

Við undirritun samnings. Guðný Jóhannesdóttir, ritstjóri
Feykis og Guðrún Helgadóttir, formaður menningarráðs.

Dreifibréf

Tvö dreifibréf voru send inn á hvert heimili á Norðurlandi vestra. Í þeim voru auglýsingar um verkefnastyrki, ávörp formanns ráðsins, upplýsingar um viðtalstíma, menningarviðburði o.fl. Er enginn vafi að dreifibréfin hafa verið hvatning til þess að sækja um verkefnastyrki og verið góð kynning, bæði á starfi ráðsins og þeim verkefnum sem ráðið hefur styrt.

Samstarf



Menningarfulltrúar Norðurlands vestra, Vestfjarða og Norðurlands eystra sömdu leiðbeiningar fyrir umsækjendur verkefnastyrkja.

Menningarráð og stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra leggja áherslu á samstarf og að samnýta krafta sína. Á haustdögum unnu starfsmenn Vaxtarsamnings og Menningarráðs að undirbúningi að auknu samstarfi safna, setra og tengdra aðila. Þann 13. janúar sl. (2009) var svo haldinn kynningarfundur fyrir þessa aðila þar sem hvatt var til stofnunar safnaklasa, með Safnaklasa Suðurlands að nokkru leyti sem fyrirmynd. Á fundinum var samþykkt að auka samstarf þessara aðila og skipuð nefnd til að undirbúa formlega stofnun klasans.

Þá hafa menningarfulltrúar menningarráðanna á landsvísu haft með sér reglubundið samstarf og samráð. Má þar m.a. nefna samræmda flokkun verkefna í skýrsluhaldi ráðanna, gerð leiðbeininga fyrir umsækjendur um verkefnastyrki og undirbúning að gerð sameiginlegs kynningarefnis svo eitthvað sé nefnt.

Verkefni menningarfulltrúa

Segja má að verkefni menningarfulltrúa séu fjölbreytt og fari vaxandi. Þau eru annars vegar dagleg umsýsla sem tengist menningarráði og styrkveitingum þess og hins vegar ráðgjöf og þróunarstarf á sviði menningarmála.

Varðandi verkefnastyrki menningarráðs eru helstu verkefni að undirbúa öll nauðsynleg gögn, auglýsingar, úthlutunarreglur og samninga við styrkhafa og leggja fyrir ráðið til samþykktar. Menningarfulltrúi býður upp á viðtalstíma á fjölmörgum stöðum á svæðinu, fyrirspurnum er svarað og aðstoð veitt við gerð umsókna. Þá hefst móttaka umsókna, yfirferð umsókna og samantekt, prentun og fjölritun gagna til menningarráðs fyrir úthlutun. Að lokum er afgreiðsla ráðsins bókuð og kynnt bæði umsækjendum og með fréttatilkynningu.



Töluverð vinna fer í samskipti við styrkhafa; senda svarbréf, gera samninga, fara yfir lokaskýrslur, sjá um greiðslur, fylgjast með gangi verkefna o.m.fl.

Annar daglegur rekstur er nokkur, m.a. margs konar bréfaskipti, yfirferð og samþykkt reikninga, bókhaldsumsjón, ýmiss konar samskipti við **Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi** aðra menningarfulltrúa og annað fólk víða um land, almenn símsvörun, skýrslugerð, aðstoð við gerð umsókna til ýmissa aðila o.þ.h.

Þá undirbýr menningarfulltrúi fundi ráðsins og er ritari þess. Á árinu stýrði menningarfulltrúi auk þess undirbúningi ráðstefnu um menningartengda ferðabjónustu, málþingi um



Þátttakendur í kynningarferð til Noregs

sagnaarfinn, kynningarfundir um tækifæri í erlendu samstarfi og útgáfu tveggja dreifibréfa. Þá er unnið að auknu samstarfi fjölmargra aðila innan héraðs sem utan, flytja þarf erindi, sitja fundi o.s.frv. Samstarf og samráð við atvinnuráðgjafa SSNV, starfsmann Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og aðra menningarfulltrúa er vaxandi þáttur í starfinu.

Eitt af mörgum ánægjulegum störfum menningarfulltrúa er mæting á margs konar viðburði sem menningarráðið

hefur styrkt, sem og alls kyns fundi innanhéraðs. Hér er um að ræða, tónleika, annars konar skemmtanir, opnun sýninga, leiksýningar, málþing og ráðstefnur, svo eitthvað sé nefnt. Alls hefur menningarfulltrúi mætt á um 50 slíka viðburði á árinu. Einnig hefur verið farið í heimsókn í mörg fyrirtæki og stofnanir og fundað með menningarnefndum sveitarfélaga. Þá mætir menningarfulltrúi á margs konar viðburði, fundi og ráðstefnur utan svæðis vegna starfsins.

Í júníbyrjun fór menningarfulltrúi, ásamt 10 öðrum aðilum, til Noregs að kynna sér skipulag og framkvæmd margs kyns ferðabjónustu. Ferðina skipulagði Sigurbjörg Árnadóttir fyrir Ferðamálastofu. Í ferðinni voru margs konar ferðabjónustufyrirtæki heimsótt, smá og stór og rætt við skipuleggjendur þróunarstarfs í ferðamálum.

Flutningur skrifstofu



Á vormánuðum flutti skrifstofa menningarráðs í nýtt húsnaði að Einbúastíg 2 á Skagaströnd. Þar eru einnig til húsa skrifstofur fyrirtækja og einstaklinga.

Verkefnastyrkir menningarráðs

Á árinu 2008 veitti menningarráð alls 101 verkefnastyrk, að upphæð 37.350 þús. kr. Meðalstyrkupphæð var því um 370 þúsund krónur. Hæsta styrkupphæð til einstaks verkefnis nam 1,5 milljónum kr. en sú lægsta 50 þús. kr.

Við úthlutun, þann 5. apríl, hlutu eftirtaldir aðilar hæstu verkefnastyrkina:

1.000.000 kr. Carmina Burana - Kristján F. Valgarðsson, f.h. Carmina hópsins.

Tónverkið Carmina Burana, eftir Carl Orff, var flutt í Íþróttahúsinu í Varmahlíð 2. nóvember 2008. Flytjendur voru Carminahópurinn í Skagafirði, Óperukórinn í Reykjavík, Skagfirski söngsveitin, Kvinnakór úr Domus Vox, Landsvirkjunarkórinn og kór Flensborgarskóla, alls um 150 manns. Einsöngvarar voru Þóra Einarsdóttir, Þorgeir J Andrésson og Bergþór Pálsson. Stjórnandi var Garðar Cortes.

1.000.000 kr. The Sagas-Storytelling - Grettistak, Húnaþingi vestra

Sagnahátíð sem haldin var á Laugarbakka 1.-4. ágúst 2008. Markmið hátíðarinnar var að ná saman norrænu sagnafólki sem kynnti hinn gamla sagnaarf. Auk sagnamanna voru á hátíðinni tónlistaratriði, víkingamarkaður, sýningar og leikir fyrir börn og fullorðna.

750.000 kr. Stafrænt ljósmyndasafn - Sögusetur íslenska hestsins

Sögusetrið vinnur nú að því að koma upp öflugu stafrænu ljósmyndasafni um íslenska hestinn, setrið á þúsundir ljósmynda sem þarf að skanna og skrá, markmiðið er síðan að gera myndirnar aðgengilegar almenningi á internetinu.

750.000 kr. Eyvindarstofa á Blönduósi - Blöndubbyggð ehf.

Eyvindarstofa verður þemasalur þar sem sögufrægasta útilegumanni Íslendinga, Fjalla-Eyvindi og Höllu, konu hans, verða gerð skil. Saga þeirra er mikilvæg frá menningarlegu tilliti fyrir héraðið og áhugaverð fyrir ferðamenn. Útlitið verður í stíl Eyvindarhellis. Gestir eiga að upplifa sig í heimkynnum útilegumannsins á Hveravöllum.

750.000 kr. Rigoletto - Dream Voices ehf. – Ópera Skagafjarðar

Tónleikauppfærsla, í Sæluvíku 2008, með völdum lögum úr óperunum Rigoletto og La Traviata eftir G. Verdi. Samhliða tónleikunum var tekinn upp geisladiskur með lögum frá Rigoletto.



Styrkhafar menningarráðs, fyrri úthlutun

Við úthlutun, þann 28. október, hlutu eftirtaldir aðilar hæstu verkefnastyrkina:

1.500.000 kr. Stafrænt ljósmyndasafn - Sögusetur íslenska hestsins, Hólum í Hjaltadal

Sögusetrið vinnur nú að því að koma upp öflugu stafrænu ljósmyndasafni um íslenska hestinn, setrið á þúsundir ljósmynda sem þarf að skanna og skrá, markmiðið er síðan að gera myndirnar aðgengilegar almenningi á internetinu.

1.500.000 kr. Rigoletto - Ópera Skagafjarðar

Ópera Skagafjarðar hefur undanfarið tekist á hendur metnaðarfull verkefni og nú er ætlunin að sýna óperuna Rigoletto eftir Verdi á Sæluviku vorið 2009.

1.000.000 kr. Kántrýsetur - Vestrið ehf., Skagaströnd

Uppbygging Kántrýseturs á Skagaströnd með sýningu um sögu og sveitatónlist Kántrýkóningsins í máli og myndum er einn þáttur í þeirri menningartengdu ferðaþjónustu sem verið er að byggja upp á þessu svæði.

1.000.000 kr. Þórdís spákona - Spákonuurfur – menningarfélag, Skagaströnd

Lokið er ritun á sögu Þórdísar spákonu, landnámskonu á Skagaströnd, ásamt leiksýningu sem félagið Spákonuurfur stóð fyrir haustið 2008, í tengslum við stofnun spádómshofs á Skagaströnd. Næsta skrefið er uppsetning Þórdísarstofu og þar er ætlunin að hafa afsteypu af Þórdísi í fullri stærð. Menningartengd ferðaþjónusta á ferðinni.

1.000.000 kr. Skrapatungurétt - Menningarnefnd Blönduósbæjar

Menningarnefnd Blönduósbæjar og Örn Ingi Gíslason stóðu að gerð kvikmynda um stóðsmölun og réttir í Skrapatungurétt í Austur-Húnavatnssýslu en myndatökan fór að mestu fram í september 2008. Hér er bæði um heimildamynd og menningartengda ferðaþjónustu að ræða.

1.000.000 kr. Draumaraddir norðursins - Söngskóli Alexöndru, Tónlistarskóli A-Hún og Tónlistarskóli V-Hún.

Draumaraddir norðursins er sameiginlegt menntunar- og menningarverkefni þessa þriggja aðila þar sem markmiðið er að auka klassískan söngáhuga, gæði, samvinnu kennara og fjölbreytni á Norðurlandi vestra. Hér er um að ræða stofnun stúlnakórs, námskeiðshald og söngkeppni.

1.000.000 kr. Dansað á fáksspori - Skotta kvikmyndafélag, Spákonuurfur-menningarfélag og Forsvar ehf.

Dansað á fáksspori er kvikmyndaverkefni þar sem ætlunin er að framleiða fimm þátta röð sem byggir á hinni landsþekktu hestamenningu á Norðurlandi vestra. Markmiðið er annars vegar að styrkja ímynd Norðurlands vestra á þessu sviði og hins vegar að efla atvinnustarfsemi og þekkingu á sviði sjónvarpsmyndagerðar og margmiðlunar.

1.000.000 kr. Sagnafjör, reiðhallarleiksýningar - Jóhann Albertsson, Páll Dagbjartsson og Hjörtur Karl Einarsson

Þessir þrír hestamenn kalla verkefni sitt Sagnafjör – reiðhallarleiksýningar. Þar er markmiðið að sviðsetja sögulega atburði eða annað sögutengt efni með skírskotun til sagnaarfs Norðurlands vestra, skrifa leikrit, gera leikmynd og búninga og sýna í reiðhöllum á Norðurlandi vestra.



Styrkhafar menningarráðs, síðari úthlutun

Mat á árangri

Árið 2008 er fyrsta heila árið sem ráðið starfar af fullum krafti með þá fjármuni að bakhjarli sem fyrir liggja. Formlegt mat á árangri hefur enn ekki farið fram en skv. samningi á það að gerast vorið 2009. Því er samanburður takmarkaður enda engin tölfraði til um menningarviðburði fyrri ára. Óformlegt mat ráðsins og menningarfulltrúa, sem hafa fylgst lengi með menningarmálum á svæðinu, er að meira sé lagt í viðburðina



en áður og að betur sé vandað til verka. Þá hefur menningarviðburðum fjölgað nokkuð.

Styrkir ráðsins hafa verið veittir til verkefna sem eru atvinnuskapandi í menningarstarfi og stutt þannig við festu í atvinnulífinu. Þá hefur ráðið hvatt til aukins samstarfs þeirra aðila sem vinna að menningarmálum, m.a. með það að markmiði að auka möguleika þeirra á að takast á við stærri verkefni.

Jói í Stapu og Síggi á Ökrum kveða

Menningarráð Norðurlands vestra safnar ákveðnum upplýsingum frá styrkhöfum en hafa ber í huga að þær eru rekjanlegar. Þegar styrkhafar hafa lokið sínum verkefnum þá skila þeir lokaskýrslu áður en síðari hluti styrksins er greiddur út. Í þeirri skýrslu eru þeir m.a. beðnir um að leggja mat á það hvernig styrkurinn nýttist og hverju máli styrkurinn skiptir við framkvæmd verkefnisins. Segja má að það sé samdóma álit styrkhafa að styrkurinn hafi skipt verulegu máli fyrir viðkomandi aðila og oft verið grundvöllur þess að lagt var af stað. Hér eru nokkur dæmi:



Guðmundur Karl söng til sigurs á
Vökulögum á Blönduósi

„Styrkur Menningarráðs skipti öllu máli fyrir framgang verkefnisins árið 2008. Hann gerði Söguasetrinu mögulegt að hefja markvissa uppbyggingu á stafrænu ljósmyndasafni.“

„Án hans hefði verkefnið engan veginn gengið upp vegna kostnaðar.“

„Hann nýttist mjög vel og var stærsti og mikilvægasti styrkurinn eða u.þ.b. helmingur þess sem þurfti. Vegna styrksins frá menningarráði var hægt að láta verða af þessum tónleikum.“

„Styrkur Menningarráðs kom sér afar vel og var mikilvægur. Hann gerði aðstandendum sýningarinnar mögulegt að leggja úti nýjungar í sýningarhaldinu, þ.e. að setja upp hestaleikhús.“

„Styrkur Menningarráðs átti stærstan þátt í því að hægt var að fá samstarfsaðila að hátíðinni bæði innanlands og utan og gera hátíðina að alþjóðlegri sagnaskemmtan og – fræðslu sem öllum var til sóma.“

„Án styrks frá Menningarráði hefði safnið ekki lagt í gerð heimildarmyndafnis í þessum gæðum, sem skipta verulegu máli, sérstaklega fyrir varðveislu efnisins sem heimilda fyrir framtíðina.“



Sísa tekur við styrk úr hendi formannsins

„Styrkurinn nýttist vel. Að fá þennan styrk er einnig gífurleg viðurkenning fyrir okkur, klapp á bakið og ótvíræð vissa þess að metnaðarfullt handverk sé samfélaginu einhvers virði.“

„Án stuðnings hefði ekki orðið af framkvæmd.“

„Styrkurinn gerði það að verkum að ráðist var í verkefnið.“



Lopinn teygður á Sveitasælu 2008 í Skagafirði

Ef til vill þarf að beita öðrum matsaðferðum til að finna mögulega veikleika í starfsemi ráðsins. Góð sátt virðist að minnsta kosti ríkja um úthlutun fjármagns, þar sem fulltrúar í ráðinu hafa ekki fengið gagnrýni á þann þátt. Einungis einu sinni hefur fulltrúi fengið upphringingu frá aðila sem var óánægður með úthlutun og gat menningarfulltrúi aðstoðað viðkomandi við að bæta umsóknargerð sína fyrir næstu úthlutun.

Þá hefur ráðið óskað eftir áliti og athugasemdum frá sveitarfélögunum. Á aðalfundi ráðsins í apríl 2008 voru fulltrúar sveitarfélaganna sérstaklega beðnir um að leggja orð í belg í umræðum um störf og stefnu ráðsins. Þeir, sem þar tóku til máls lýstu almennri ánægju með menningarsamninginn, starf menningarfulltrúa og menningarráðs.

Fjármál

Endurskoðaðir reikningar menningarráðs fyrir árið 2008 fylgja með þessari skýrslu.

Lokaorð

Menningarráð Norðurlands vestra og menningarfulltrúi þakka ráðuneytum menntamála og iðnaðar gott samstarf á árinu og fjárframlag. Þá er starfsmönnum SSNV, starfsmanni VNV, forsvarsmönnum sveitarfélaga og öllum þeim fjölmörgu sem verið hafa í samskiptum við ráðið og menningarfulltrúa færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf. Einnig fær RARIK þakkir fyrir sitt framlag til menningarstarfs á Norðurlandi vestra.

Nú er hafið þriðja og síðasta árið í þessum menningarsamningi ríkis og samtaka sveitarfélaga. Menningarráð Norðurlands vestra er þess fullvíst að þessi samningur hefur verið og er verulegur stuðningur og innspýting í allt menningarstarf á Norðurlandi vestra. Því hvetur ráðið fulltrúa menntamála- og iðnaðarráðuneyta og samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra að hefja nú þegar samningaviðræður um framhald þessa samnings til næstu þriggja ára.

Skagaströnd 28. febrúar 2009.

Guðrún Helgadóttir, formaður
Adolf H. Berndsen
Bjarni Þórisson
Gunnar Bragi Sveinsson
Pétur Jónsson

Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi

Úthlutun verkefnastyrkja 5. apríl 2008.

1.000.000 kr.	Kristján Valgarðsson, f.h. Carminahópsins, Skagafirði Tónverkið Carmina Burana.
1.000.000 kr.	Grettistak ses., Húnaþingi vestra Alþjóðlegt þing sagnamanna við Norður-Atlantshaf í Húnaþingi vestra.
1.000.000 kr.	Sögusetur íslenska hestsins, Hólum, tvö verkefni Stafrænt ljósmyndasafn um íslenska hestinn. Ráðstefna um Sauðárkrókshrossin.
750.000 kr.	Blöndubbyggð ehf., Blönduósi Eyvindarstofa á Blönduósi.
750.000 kr.	DreamVoices ehf., Ópera Skagafjarðar

	Óperan Rigoletto á Sæluviku
750.000 kr.	Leikfélag Sauðárkróks, tvö verkefni 120 ára saga leiklistar á Sauðárkróki. Leiksýning
750.000 kr.	Guðbrandsstofnun, Hólum, þrjú verkefni Ráðstefna um Kolbein Tumason og sálminn hans, Heyr himna smiður. Stofnun tónlistarakademíu um forna tónlist. Útgáfa á sögu Bauka-Jóns.
700.000 kr.	Byggðasafn Skagfirðinga, þrjú verkefni Heimildamynd um vinnslu rekaviðar. Gerð sýningarskrár. Bókaútgáfa.
600.000 kr.	Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi, þrjú verkefni Málþing í tilefni 135 ára ártíðar Halldóru Bjarnadóttur. Tölvuskráning á safnmunum. Sumarsýning.
600.000 kr.	Menningarnefnd Blönduóssbæjar, tvö verkefni Dægurlagakeppnin Vökulögin 2008. Mynda- og sögusýning.
500.000 kr.	Sólveig S. Einaradóttir, Húnavatnshreppi Söngdagar á Húnavöllum.
500.000 kr.	Geirmundur Valtýsson, Sauðárkróki Í syngjandi sveiflu.
500.000 kr.	Alþýðulist, Skagafirði Sýningin Nytjar náttúrunnar á landbúnaðarsýningunni Sveitasælu 2008.
500.000 kr.	Nes listamiðstöð, Skagaströnd Dvalar- og sýningarstyrkir fyrir íslenska listamenn.
500.000 kr.	Við Árbakkann, Blönduósi Pólsk-íslensk djassupplifun, röð djasstónleika á Norðurlandi vestra.
500.000 kr.	Héraðsskjalasafn Skagfirðinga Skráning lausavísna í gagnagrunn.
500.000 kr.	Skagabyggð, A-Hún. Örnefnaskráning í Skagabyggð.
250.000 kr.	Fluga, rekstrarfélag Svaðastaðahallar á Sauðárkróki Tekið til kostanna sem eru alþjóðlegir hestadagar í Skagafirði.
250.000 kr.	Björn Lindal o.fl., Húnaþingi vestra Söfnun og útgáfa á gamansögum úr Húnaþingi vestra.
250.000 kr.	Unglistahátíðin Eldur í Húnaþingi Eldur í Húnaþingi.
250.000 kr.	Lárus Ægir Guðmundsson, Skagaströnd Útgáfa sögu sjómannadagsins á Skagaströnd.
250.000 kr.	Skotta ehf., Sauðárkróki Kynningarmyndir um Laufskálarétt og Þórarin Eymundsson tamningamann.
250.000 kr.	Ómar Bragi Stefánsson, Sauðárkróki Heima er best, bæjarhátíð á Sauðárkróki.
250.000 kr.	Ungmennasamband Austur-Húnavetninga Útgáfa ársritsins Húnavaka.
250.000 kr.	Hólaskóli Útgáfa göngukorta um Tröllaskaga.
250.000 kr.	María Markovic og Erla María Lárusdóttir, Skagaströnd Listadagar á Skagaströnd.
250.000 kr.	Hugrún Sif Hallgrímsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Halldór G. Ólafsson, Skagaströnd Tónlistarnámskeið fyrir götulistamenn í tengslum við Kántrýdaga.
250.000 kr.	Hólarannsóknin og Ragnheiður Traustadóttir Útgáfa rits um fornleifarannsóknir á Hólum.
250.000 kr.	Rökkurkórinn, Skagafirði Til tónleikahalds.
250.000 kr.	Söngskóli Alexöndru, Skagafirði Söng- og söguveisla á Sæluviku, Sigvaldi Kaldalóns, ævi og störf.

250.000 kr.	Þóra Björk Jónsdóttir, Skagafirði Sól í hádegisstað, menningardagskrá um Elínborgu Lárusdóttur rithöfund.
250.000 kr.	Jón Þorsteinn Reynisson, Skagafirði Tónleikaröð sumarið 2008.
250.000 kr.	túrí ehf., Húnaþingi vestra Útgáfa örbóka um Gretti sterka.
250.000 kr.	Skarphéðinn Einarsson, Blönduósi Bítlasýning á Húnavöku 2008.
250.000 kr.	Leikfélag Blönduóss Leiksýning.
250.000 kr.	Guðmundur Sigurður Jóhannesson, Sauðárkróki Undirbúningur útgáfu þriggja ættfræðiritra.
250.000 kr.	Byggðasaga Skagfirðinga og Byggðasafn Skagfirðinga Byggðasögurannsóknir í tengslum við útgáfu Byggðasögu Skagfirðinga.
250.000 kr.	Hafíssetrið, Blönduósi Sjóleiðin norður til Kína, málþing um hafís og siglingar á norðurslóðum.
250.000 kr.	Listasafn og Safnahús Skagfirðinga Enn mun reimt á Kili, sýning um afdrif Reynistaðarbræðra.
250.000 kr.	Byggðasafn Húnavatnshreppi Hákarlasýning í samstarfi við Sjóminjasafnið Víkina.
100.000 kr.	Kirkjukór Víðidalstungukirkju Til tónleikahalds.
100.000 kr.	Bjarni Freyr Björnsson, Húnavatnshreppi Ljósmyndasýning á náttúru og mannlífsm myndum frá Austur-Húnavatnssýslu.
100.000 kr.	Sönghópur Félags eldri borgara í Skagafirði Til tónleikahalds.
100.000 kr.	Skagfirski kammerkórinn Til tónleikahalds.
100.000 kr.	Gunnar Rögnvaldsson, Skagafirði Sögur úr sveitinni.
100.000 kr.	Samkórinn Björk og Karlaðór Bólstaðarhlíðarhrepps Til tónleikahalds.
100.000 kr.	Lomberklúbburinn Ponti, Húnaþingi vestra Útbreiðsla Lombers.
100.000 kr.	Hjalti Þórðarson og Ungmennafélagið Neisti, Skagafirði Saga Umf. Neista.
100.000 kr.	Kristín Halla Bergsdóttir, Skagafirði Sumarnámskeið.
100.000 kr.	Félagsheimilið Húnaver, Húnavatnshreppi Til tónleikahalds.
100.000 kr.	Félag eldri borgara í Húnaþingi Til tónleikahalds.
100.000 kr.	Dagrún Ísabella Leifsdóttir, Sauðárkróki Til tónleikahalds.
50.000 kr.	Harmonikuunnendur Húnavatnssýslna Hagyrðingakvöld.
50.000 kr.	Rjúpurarnar, Skagafirði Kennsla í dönskum þjóðdönsum.
50.000 kr.	Benedikt Sigurðsson, Sauðárkróki 100sta Skáldaspírukvöldið: Úr sagnabrunni Skagfirðinga.



Karlakórinn Lóuprælar gaf út jóladisk



Listadagar á Kántrýhátíð á Skagaströnd

Úthlutun verkefnastyrkja 28. október 2008

- | | |
|----------------------|---|
| 1.600.000 kr. | - Sögusetur íslenska hestsins, Hólum |
| | - 2 verkefni: Stafrænt ljósmyndasafn um ísl. hestinn og Myndband um Skagfirðinginn Þormóð |
| 1.500.000 - | - Ópera Skagafjarðar |
| | - Uppfærsla óperunnar Rigoletto |
| 1.000.000 - | - Vestrið ehf., Skagaströnd |
| | - Uppbygging Kántrýseturs á Skagaströnd |

1.000.000 -	- Spákonuurfur ehf., Skagaströnd
	- Afsteypa af Þórdísi spákonu
1.000.000 -	- Menningarnefnd Blönduósþéjar
	- Kvikmynd um stóðsmölun og réttir í Skrapatungurétt
1.000.000 -	- Söngskóli Alexöndru – Tónlistarskóli A-Hún. – Tónlistarskóli V-Hún.
	- Draumaraddir norðursins
1.000.000 -	- Skotta kvikmyndafélag ehf. – Spákonuurfur ehf. – Forsvar
	- Dansað á fáksspori
1.000.000 -	- Jóhann Albertsson – Hjörtur Karl Einarsson – Páll Dagbjartsson
	- Sagnafjör - reiðhallarleiksýningar
750.000 -	- Byggðasafn Skagfirðinga
	- Fornverkaskólinn – námskeiðahald
750.000 -	- Húnaþing vestra
	- Saga Hvammstanga II 1938-1998
750.000 -	- Reykjahöfði ehf., Húnaþingi vestra
	- Laugarbakki – menningar- og heilsusetur
750.000 -	- Landnám Ingimundar gamla, A-Hún.
	- Sögukort Vatnsdælasögu
750.000 -	- Nes listamiðstöð, Skagaströnd
	- Dvalar- og verkefnisstyrkir f. listamenn
750.000 -	- Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi
	- Endurútgáfa á bókinni Vefnaður e. Halldóru Bjarnadóttur
500.000 -	- Guðmundur Helgason, Húnaþingi vestra
	- Tónlist og ferðaþjónusta í skammdeginu
500.000 -	- Bændasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps, A-Hún.
	- Ábúendatal Bólstaðarhlíðarhrepps 1703-2003
500.000 -	- Sveitarfélagið Skagaströnd
	- Heimildarmynd um Skagaströnd
500.000 -	- Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna
	- Herseta Breta í Hrútafirði - sýning
500.000 -	- Nemendafélag FNV
	- Leikverkið Á tjá og tundri e. Gunnar Helgason
250.000 -	- Karalakór Bólstaðarhlíðarhrepps, A-Hún.
	- Hillingar – útgáfa geisladisks
250.000 -	- Karalakórinn Lóuþrælar, Húnaþingi vestra
	- Útgáfa jólaþlöt
250.000 -	- Leikfélag Sauðárkróks
	- Leikverkið Pétur Pan
250.000 -	- Hagfélagið ehf., Húnaþingi vestra
	- Mannlíf í Húnavatnssýslum – ljósmyndasýning
250.000 -	- Rósmundur G. Ingvarsson, Skagafirði
	- Örnefnaskráning í Skagafirði
250.000 -	- Jónsmessunefnd Hofsósi
	- Menningardagskrá á Jónsmessuhátíð
250.000 -	- Kirkjukór Flugumýrar- og Miklabæjarsókna, Skagafirði
	- Tónleikaröð
100.000 -	- Feykir.is/Menningarhlekkur
	- Menningardagskrá - vefsíðugerð
100.000 -	- Norðanátt.is, Húnaþingi vestra
	- Menning og ferðaþjónusta - vefsíðugerð
100.000 -	- Baroksmiðja Hólastiftis
	- Stofnun Baroksmiðju

-
- 100.000 - - **Varmahlíðarskóli, Skagafirði**
- Menningararfurinn og heimabyggðin – vefsíðugerð
 - 100.000 - - **Félag harmonikuunnenda í Skagafirði**
- Tekið í belg – tónleikaröð
 - 100.000 - - **Dansfélag eldri borgara í Húnaþingi vestra**
- Fimir fætur – danssýning á Landsmóti UMFÍ
 - 100.000 - - **Rósa Björnsdóttir, Skagafirði**
- Tónfundir
 - 100.000 - - **Aldís Fjóra Ásgeirsdóttir, Skagafirði**
- Tónleikar í Sauðárkróskirkju
 - 100.000 - - **Handverkshópur eldri borgara í Húnaþingi vestra**
- Leirlistarnámskeið
 - 100.000 - - **Skagfirski kammerkórinn**
- Kynslóðirnar kveðast á



Leikfélag Sauðárkróks sýndi leikritið Viltu finna milljón?